

Sþ.

89. Tillaga til þingsályktunar

[79. mál]

um að greiða fyrir innflutningi á hráefnum til iðnaðarframleiðslu og að draga úr eða stöðva innflutning á fullunnum iðnaðarvörum.

Flm.: Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að greiða eins og unnt er fyrir innflutningi hráefna til iðnaðarframleiðslu, með því í fyrsta lagi að leggja fyrir fjárhagsráð að gefa þennan innflutning frjálstan og í öðru lagi með því að koma því til leiðar við bankana, að ekki þurfi að greiða vöruna fyrr en hún er komin til landsins.

Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að draga til muna úr innflutningi á öllum þeim iðnaðarvarningi, sem hægt er með góðu móti að framleiða hér á landi, og að taka til athugunar, hvort ekki sé rétt að stöðva þann innflutning að fullu.

Loks ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að láta sem fyrst undirbúa þær breytingar á tollalöggjöf landsins, að tollar á þessum vörum fari stighækkandi eftir því, sem þær eru meira unnar.

Greinargerð.

Það hefur ekki farið á milli mála, að síðustu tvö árin, eftir að stefna hæstv. ríkisstjórnar í viðskiptamálum kom til framkvæmda, hefur starfsemi fjölmargra iðngreina hér á landi dregið verulega saman. Mun þetta ástand vera sérstaklega áberandi í alls konar fatagerð, skógerð, efnaiðnaði, veiðarfæragerð o. fl., þar sem fækkun starfsfólks mun á síðastliðnu ári einu skipta mörgum hundruðum. Hefur þessi öfugþróun komið hart niður bæði á verksmiðjueigendum, sem höfðu margir hverjir með nýjum og fullkomnum tækjum búið sig undir aukna framleiðslu, en ekki minnkaða, og hins vegar á verkafólki, sem við þessi fyrirtæki hefur unnið og nú hefur orðið að hrökklast frá störfum án þess að fá nokkra aðra vinnu við sitt hæfi. Er þetta þeim mun naprara, þar sem nú hefur komið í ljós svo greinilega, að ekki verður um deilt, á nýafstaðinni iðnsýningu, hverju íslenzkur iðnaður og iðu-starfsemi getur afkastað.

Orsakanna til þessa ástands er ekki langt að leita. Takmarkalitill innflutningur á fullunnum iðnaðarvarningi, samfara því, að hömlur eru enn lagðar á innflutning ýmissa hráefna til iðnaðar, veldur miklu um þetta. Rekstrarfjárskortur og kröfur um fyrirframgreiðslu innflutnings annars vegar og óhagkvæm tollalöggjöf, þar sem ekki er nægilega tekið tillit til þarfa iðnaðarins, hins vegar valda einnig miklu. Úr þessu er gerð tilraun til að bæta með flutningi þessarar tillögu. Ef greitt væri fyrir innflutningi hráefna og takmarkaður að einhverju leyti innflutningur á fullunnum varningi, má telja lítinn vafa á, að þessar iðngreinar mundu flestar ná sér á ný og framleiðslan í þeim aukast. Bætt tollalöggjöf mundi einnig hjálpa að verulegu leyti. Og síðast en ekki síst mundi það létta verulega á rekstrarfjárörðugleikunum, ef hætt væri að krefjast fyrirframgreiðslu við kaup á nauðsynlegum hráefnum.